

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Auðbrekka 9-11. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Auðbrekku 9-11. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði á neðstu hæð hússins verði skráð sem íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir að koma fyrir 9 stúdíóíbúðum í rýminu, hver um sig 46 m<sup>2</sup> að flatarmáli ásamt 17 m<sup>2</sup> geymslulofti. Íbúðunum fylgja 11 bílastæði og eru þau öll innan lóðar. Að öðru leyti er vísað til gildandi skipulagsskilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 2. júní 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.